

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
01 101

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

kt. 550169-1269

Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Forsætisráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Þær stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, ríkislögmaður, umboðsmaður barna, óbyggðanefnd, Jafnréttissjóður Íslands og Jafnréttisstofa.

Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þau varða stjórnskipan Lýðveldisins Íslands og Stjórnarráðið í heild, málefni ríkisstjórnar og ráðherranefnda, málefni ríkisráðs, þjóðhagsmál, löggjafarmálefni, stjórnarfar almennt, þjóðartákn og fleira. Forsætisráðuneytið fer auk þess með ýmis málefni og tilfallandi verkefni er tengjast stöðu og störfum forsætisráðherra sem oddvita ríkisstjórnarinnar og samræmingu og samráð er lýtur að samstarfi ráðuneyta á ýmsum sviðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 3 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.006,2 milljónir og afkoma kr. -11,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 45,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 217,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Forsætisráðuneytis, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Forsætisráðuneytis, aðalskrifstofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Bryndís Hlökkversdóttir
ráðuneytisstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	946.700.000	938.787.544
Framlög og ýmsar tekjur	3	55.025.126	9.653.629
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.512.384	4.998.285
Tekjur samtals		<u>1.006.237.510</u>	<u>953.439.458</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	676.394.382	658.963.155
Framlög og tilfærslur	5	1.940.000	500.000
Annar rekstrarkostnaður	6	334.453.026	290.759.557
Afskriftir	7	4.512.384	4.998.285
Gjöld samtals		<u>1.017.299.792</u>	<u>955.220.997</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(11.062.282)	(1.781.539)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(29.030)	(74.222)
		<u>(29.030)</u>	<u>(74.222)</u>
Afkoma ársins		<u>(11.091.312)</u>	<u>(1.855.761)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(10.151.312)	(5.643.305)
Rekstrartilfærslur		<u>(940.000)</u>	<u>3.787.544</u>
		<u>(11.091.312)</u>	<u>(1.855.761)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	<u>78.515</u>	<u>117.772</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		13.044.670	12.550.067
Farartæki og vélar		2.820.938	3.394.688
Aðrar eignir		<u>5.217.001</u>	<u>5.236.949</u>
		<u>21.082.609</u>	<u>21.181.704</u>
Fastafjármunir samtals		<u>21.161.124</u>	<u>21.299.476</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		82.055	523.706
Tengdir aðilar	11	<u>196.406.375</u>	<u>194.776.109</u>
Veltufjármunir samtals		<u>196.488.430</u>	<u>195.299.815</u>
Eignir samtals		<u>217.649.554</u>	<u>216.599.291</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>45.933.209</u>	<u>57.024.521</u>
Eigið fé samtals		<u>45.933.209</u>	<u>57.024.521</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	8.082.504	5.670.018
Viðskiptaskuldir		23.042.528	19.926.132
Ýmsar skammtímaskuldir	13	88.951.693	83.267.052
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>51.639.620</u>	<u>50.711.568</u>
Skuldir samtals		<u>171.716.345</u>	<u>159.574.770</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>217.649.554</u>	<u>216.599.291</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(11.091.312)	(1.855.761)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	4.512.384	4.998.285
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.512.384)	(4.998.285)
		<u>(11.091.312)</u>	<u>(1.855.761)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		441.651	1.443.937
Tengdir aðilar		1.848.624	8.505.995
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.801.037	(8.094.171)
		<u>11.091.312</u>	<u>1.855.761</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(4.374.032)	(2.222.958)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		22.878	81.000
		<u>(4.351.154)</u>	<u>(2.141.958)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		4.351.154	2.141.958
		<u>4.351.154</u>	<u>2.141.958</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisryrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisryrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisryrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisryrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	946.700.000	938.787.544
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.512.384	4.998.285
	<u>951.212.384</u>	<u>943.785.829</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	905.400.000	1.000.000	0	906.400.000
Millifært úr varasjóð	40.300.000	0	0	40.300.000
Fjárveiting til tekna	945.700.000	1.000.000	0	946.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(955.851.312)	(1.940.000)	0	(957.791.312)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(10.151.312)	(940.000)	0	(11.091.312)

	2021	2020
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	0	380.794
Kostnaðarhlutdeild	39.050.000	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	5.620.220	9.267.552
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	10.354.906	0
Ýmsar tekjur	0	5.283
	<u>55.025.126</u>	<u>9.653.629</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	540.383.934	520.414.629
Orlof, breyting	5.495.261	12.669.649
Launatengd gjöld	120.874.721	117.879.394
Starfsmannakostnaður	9.640.466	7.999.483
	<u>676.394.382</u>	<u>658.963.155</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	44,0	43,7
------------------------------	------	------

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	1.940.000	500.000
	<u>1.940.000</u>	<u>500.000</u>

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.163.200	2.078.030
Byggingarvörur, almennar	0	101.680
Ýmis tæki og áhöld	4.418.660	3.821.247
Orkugjafir	1.153.550	944.512
Matvæli	26.513.084	27.591.467
Almennar rekstrarvörur	1.546.592	1.801.139
Vörukaup, almenn	<u>35.795.086</u>	<u>36.338.075</u>
Kennslu- og fönðurvörur	81.300	110.972
Ýmsar sérgreindar vörur	25.643	346.567
Vörukaup, sérgreind	<u>106.943</u>	<u>457.539</u>

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	9.127.228	5.254.457
Ferðir, uppihald	6.006.789	5.444.450
Akstur	1.847.898	1.741.867
Sérfræðiþjónusta	85.378.858	77.978.153
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	56.375	26.249
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.719.276	4.022.850
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.424.778	7.491.912
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>113.561.202</u>	<u>101.959.938</u>
Samningsbundin kaup og leiga	6.211.797	8.295.865
Afnotagjöld	11.247.446	11.826.206
Leigugjöld	58.163.907	50.388.539
Notkun véla og flutningatækja	76.200	418.650
Verkkaup	20.189.640	19.142.617
Kostnaðarhlutdeild	87.428.562	60.324.319
Tryggingar, lögboðnar	1.578.088	1.474.693
Opinber gjöld	69.306	38.971
Tilfærslur	24.849	94.145
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>184.989.795</u>	<u>152.004.005</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>334.453.026</u>	<u>290.759.557</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.879.429	4.292.591
Farartæki og vélar	573.750	573.750
Aðrar eignir	19.948	19.948
Söluþap og úreltar eignir	0	72.739
Niðurfærsla óefnislegra eigna	39.257	39.257
	<u>4.512.384</u>	<u>4.998.285</u>
8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	17.319	74.222
Gengistap, verðbreytingar	11.711	0
	<u>29.030</u>	<u>74.222</u>
	31.12.2021	31.12.2020
9 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	78.515	117.772
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		<u>196.286</u>
		<u>196.286</u>
Niðurfært 01.01.2021		78.514
Niðurfærsla ársins		39.257
		<u>117.771</u>
Staða 31.12.2021		<u>78.515</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	13.044.670	12.550.067
Farartæki og vélar	2.820.938	3.394.688
Aðrar eignir	5.217.001	5.236.949
	<u>21.082.609</u>	<u>21.181.704</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	53.627.582	4.590.000	6.380.985	64.598.567
Viðbætur á árinu	4.374.032	0	0	4.374.032
Selt/úrelt á árinu	(4.332.388)	0	0	(4.332.388)
	<u>53.669.226</u>	<u>4.590.000</u>	<u>6.380.985</u>	<u>64.640.211</u>
Afskriftir 01.01.2021	41.077.515	1.195.312	1.144.036	43.416.863
Afskrift ársins	3.879.429	573.750	19.948	4.473.127
Selt/úrelt á árinu	(4.332.388)	0	0	(4.332.388)
	<u>40.624.556</u>	<u>1.769.062</u>	<u>1.163.984</u>	<u>43.557.602</u>
Staða 31.12.2021	<u>13.044.670</u>	<u>2.820.938</u>	<u>5.217.001</u>	<u>21.082.609</u>

31.12.2021 31.12.2020

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	196.311.543	194.776.109
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	94.832	0
	<u>196.406.375</u>	<u>194.776.109</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	8.082.504	5.670.018
	<u>8.082.504</u>	<u>5.670.018</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	57.024.521	58.880.282
Afkoma ársins	(11.091.312)	(1.855.761)
Jöfnuður 31.12.	<u>45.933.209</u>	<u>57.024.521</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	88.644.813	83.149.552
Önnur ógreidd gjöld	306.880	117.500
	<u>88.951.693</u>	<u>83.267.052</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	21.161.124	21.299.476
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	30.478.496	29.412.092
	<u>51.639.620</u>	<u>50.711.568</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	21.299.476	29.412.092	50.711.568
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	(9.282.442)	(9.282.442)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	14.700.000	14.700.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	22.878	22.878
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.374.032	(4.374.032)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.512.384)	0	(4.512.384)
	<u>21.161.124</u>	<u>30.478.496</u>	<u>51.639.620</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 4,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og aðra þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 57,7 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 2,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.